# HAFNARFJÖRÐUR

## AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi. Um er að ræða stækkun athafnasvæðis Selhrauni til norðurs. Vestur hluti svæðisins fer yfir opið svæði, en austur hlutinn yfir á svæði sem áður var hluti af miðsvæði Valla. Landnotkun þar breytist úr blandaðri landnotkun þjónustu og opin svæði, 31.039m² að stærð, í athafnasvæði. Heildarstærð nýja athafnasvæðisins verður 41.700m². Mörk athafnasvæðis og miðsvæðis Valla breytast og miðsvæðið minnkar úr 83.706m² í 79.727m².

Ástæðan fyrir breytingunni er sú að ekki eru lengur uppi áform um að reisa fjölbrautarskóla á svæðinu, en legu sinnar vegna hentar svæðið vel fyrir blandaða starfsemi svo sem skrifstofur og léttan iðnað í tengslum við athafnasvæðið Selhraun norður. Breytingin verður hluti af heildarendurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025. Gert er ráð fyrir að nýtingarhlutfall á svæðinu verði 0,33, sem er það sama og á aðliggjandi lóð í Selhrauni norður, og byggingar verði allt að 4 hæðir, sem er í samræmi við aðliggjandi lóð í Selhrauni norður og skipulag miðsvæðis Valla. Áhrifin af breytingunni teljast hvorki jákvæð eða neikvæð, þar sem ekki er um aukna umferð, skuggavarp né útsýnisskerðingu að ræða frá því sem fjölbrautarskóli hefði skapað.

### FYRIR




Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 1:15.000
Staðfest 18.05. 2007, með síðari breytingum

### EFTIR




Breytt landnotkun 1:15.000
Mörk breytinga

**Skýringar:**

- Miðbær, miðsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Íbúðarsvæði
- Athafnasvæði
- Óbyggð svæði
- Náttúruverndarsvæði - friðlýst svæði
- Önnur náttúruverndarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota: Íþróttasvæði; Akstursíþróttasvæði; Hesthúsasvæði; Kirkjugarður; Golfvöllur
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Efnistökusvæði
- Blönduð landnotkun
- Skipulagi frestað
- Hverfisvernd (hvít yfirstrikun)
- Friðlýstar fornminjar
- Vatnsbólasvæði
- Grannsvæði (vatnsvernd II)
- Fjarsvæði (vatnsvernd III)
- Stofnbrautir
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibrautir
- Safngötur, sýndar að hluta v/tenginga
- Mislæg gatnamót
- Undirgöng / brú
- Gönguleiðir
- Gönguleiðir, útivistarstígar
- Reiðleiðir
- Útivistarvegir
- Bráðabirgða þynningarsvæði (sett af Hollustuvernd ríkisins 1997)
- Svæði takmarkaðrar ábyrgðar (skv. lögfestum samningi ÍSAL og íslenska ríkisins 1966)
- Háspennulína
- Jarðstrengur
- Varnargarðar
- Sveitarfélagsmörk
- Tengivirki
- Spennistöð

## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar
þann: xx.xx.2013.

____________________________
Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010.
þann: ___________2013.

# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2005-2025
# SVÆÐI: SELHRAUN ATHAFNASVÆÐI


SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ
HAFNARFJARÐAR
7.10.2013
BJARKI JÓHANNESSON